

BORGARRÁÐ 5. apríl 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á forgangsreglum í leikskóla - MSS22040062

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að gerðar verði breytingar á forgangsreglum í leikskóla þannig að einstætt foreldri sem er með fullt forræði yfir barninu fái forgang í þeim tilfellum sem hitt foreldrið, faðir gengst ekki við barninu eða er óþekktur. Ef einstaklingur sem bent er á að sé foreldri/faðir gengst ekki við faðerni getur tekið marga mánuði og jafnvel mörg ár að fá dómsúrskurð um slíkt og enn lengur ef viðkomandi neitar að fara í faðernispróf. Ef fleiri en einn koma til greina sem faðir barns getur tekið óratíma að fá úr því skorið. Ef ekki er um “annað” foreldri að ræða sem deilir ábyrgð s.s. tekur fæðingarorlof vegna þessara ástæðna þarf móðir að fara út á vinnumarkaðinn þremur mánuðum fyrr en ella þ.e. þegar barnið er 9 mánaða. Lagt er til að móðir sem er í þessari stöðu fái forgang með barn sitt á leikskóla.

Greinargerð

Með fæðingarorlofið þá taka gildandi reglur ekki á þeim tilfellum ef faðir gengst ekki við barni eða ef faðir er óþekktur þ.e. hefur ekki verið auðkenndur. Gildandi regla tekur aðeins á því ef fyrirséð er að forsjárlausu foreldri muni ekki annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess eða á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur þar sem foreldrið hefur ekki umgengni við barnið á grundvelli niðurstöðu lögmæltis stjórnvalds eða dómstóla. Í þessum tilfellum er Vinnumálastofnun heimilt að færa rétt forsjárlausu foreldrisins til fæðingarorlofs, sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. 8. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2010, og foreldrið hefur ekki þegar nýtt sér, yfir til forsjárforeldrisins, enda sækir forsjárforeldrið um tilfærsluna til Vinnumálastofnunar.” Ekkert er minnst á í gildandi reglu aðstæður þar sem “foreldri” sem ekki gengst við barni eða ef ekki vitað hvert foreldrið er.